

81. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs miðvikudaginn 27. febrúar 2013 í húsnæði safnsins að Digranesvegi 7, kl. 17:00.

Dagskrá:

1. Starfsemi safnsins.
2. Skjalavörsluáætlun.
3. Heimsóknir í skóla í Kópavogi.
4. Samvinna við Sögufélag Kópavogs.
5. Heimsókn til sveitarfélaga í nágrenni Kópavogs.
6. Önnur mál.

Mættir voru Eiríkur Ólafsson stjórnarformaður, Helgi Þór Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir starfsemi safnsins síðustu mánuði, aðsókn, fjárhag og fleiri atriðum. Aðsókn að safninu tvöfaldaðist milli ára 2011 og 2012. Einnig hefur verið mikil fjölgun á afhendingum til safnsins. Álag á afgreiðslu og skráningu hefur vaxið sem þessari aukningu á aðsókn og afhendingum nemur. Á Safnanótt 8. febrúar sl. var metaðsókn og almenn ánægja meðal gesta. Gunnar Marel skjalavörður hefur heimsótt safnaðarstarf eldri borgara í Digranes-, Hjalla- og Kópavogskirkju, kynnt starfsemi safnsins og haldið erindi um sögu Kópavogs. Sú kynningarstarfsemi mun halda áfram. Vinna heldur áfram við örnefnarit Guðlaugs R. Guðmundssonar og næsta ársrit Héraðsskjalasafnsins.

2. Rætt um skjalavörsluáætlun og telur stjórn safnsins nauðsynlegt að henni verði komið á. Formanni og héraðsskjalaverði falið að fylgja málinu eftir.

3. Á vegum skjalasafnsins hefur verið unnið að gerð skýrslu um umfang útistandandi skjala í grunnskólum bæjarins m.t.t. væntanlegrar afhendingar þeirra og skráningar. Rætt um samstarf við menntasvið vegna þarfar á starfskrafti við þessa vinnu.

4. Í desember sl. kom út fyrsta smárit Héraðsskjalasafnsins og Sögufélags Kópavogs, Minningar af Kársnesi. Vinna við smáritin heldur áfram og er góð leið fyrir safnið til að kynna sig.

5. Rætt um heimsóknir til sveitarfélaga í nágrenni Kópavogs til að fræðast um skjalamál þar.

6. Önnur mál.

- a. Söfnunarátak Félags héraðsskjalavarða og ÍSÍ. Unnið er að gerð sameiginlegrar skrár um skjöl íþróttafélaga í héraðsskjalasöfnum á Íslandi.
- b. Rætt um starfsmannamál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.